



Til: "Gunnlaugur Róbertsson" <gunnlaugur@hornafjordur.is>
Efni: Fw: Deiliskipulagstillaga Skjólshóla, Hornafirði
Upplýsingar: Sent: 22.01.2018 11:03:00 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017120003, Bréfalyklar: 42-0 Um almennt

Tilvísun í mál: 2017120003

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornarfjörður, dags. 28. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skjólshóla Hornafirði sem afmarkar reit fyrir sjö lítil gistihús og aðstöðu til að þjónusta þau.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við skipulagið.

Til upplýsingar:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig skipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengi, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Deiliskipulagstillaga Skjólshóla, Hornafirði
Málsnúmer: 2017120003

Númer skjals:
Skráð: 1. desember 2017
Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:
Dagsetning skjals:
Staðsetning skjals:
Fyrirtæki: Sveitarfélagið Hornafjörður
Nafn: Gunnlaugur Róbertsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu
Geymslustaður skjals:

Deiliskipulagstillaga Skjólshóla, Hornafirði

Viðhengi:

[attachment "20171201125007871.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]